



Ársreikningur Fjarðabyggðar 2015

Fyrri umræða í bæjarstjórn

28. apríl 2016

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2015 er hér með lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn, áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra, eins og sveitarstjórnarlög kveða á um. Áformað er að ársreikningurinn verði afgreiddur endanlega við síðari umræðu í bæjarstjórn, þann 12. maí næstkomandi.

Ég mun fara yfir helstu stærðir ásamt þeim atriðum sem vert er að nefna við fyrri umræðu um ársreikninginn. Með mér eru Snorri Styrkársson, fjármálastjóri og Sigurjón Ö. Arnarson, endurskoðandi hjá KPMG og munum við að yfirferð lokinni svara spurningum bæjarfulltrúa um ársreikninginn.

Í heildina litið er rekstrarafkoma sveitarfélagsins góð og lækkun skulda skv. skuldaviðmiði umfram áætlanir, en að sama skapi er niðurstaða a-hluta sveitarsjóðs undir væntingum.

Rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða, hjá samstæðu var jákvæð um 1.2 millja. og rekstrarniðurstaða í A hluta nam 454 millj. kr.

Góð framlegð varð í rekstri samstæðu¹ en framlegð nam 21%.

Í A hluta nam framlegðin 10% sem eru ákveðin vonbrigði og ekki skv. áætlunum sveitarfélagsins sem gerðu ráð fyrir 12% framlegð.

Jákvæð rekstrarniðurstaða á rekstri samstæðu sveitarfélagsins nam 582 millj. kr. en í A hluta er rekstrarniðurstaða jákvæð um 29 millj. kr. Til samanburðar var rekstrarafgangur samstæðu 361 millj. kr. á árinu 2014 og í A hluta neikvæð um 72 millj. kr.

Á heildina litið er það nokkrir þættir sem skýra aðallega breytingar í rekstri sveitarfélagsins frá fyrra ári. Þeir eru hærrí tekjur, mikil hækkun launakostnaðar, gengishagnaður og lægri verðbólga en gert var ráð fyrir.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 5.8 millja. kr. samkvæmt ársreikningi hjá samstæðu sem er 6,8% hækkun frá fyrra ári og 4,2% umfram fjárhagsáætlanir. Þar af námu rekstrartekjur A hluta 4.4 millja. kr. sem er um 6,7% hækkun frá fyrra ári og 5,1% umfram fjárhagsáætlanir. Rekstrartekjur eru 237 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og hækka um 370 millj. kr. frá síðasta ári.

Skatttekjur samstæðu, sem samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs, aukast um 233 millj. kr. frá fyrra ári. Hærrí útsvarstekjur að fjárhæð 159 millj. kr. skýrast m.a. af

¹ Skammstöfunin EBITDA stendur fyrir *Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization* eða hagnað fyrir fjármagnsliði, skatta, afskrift fastafjármuna og viðskiptavildar. Til styttingar er talan gjarnan nefnd hagnaður fyrir afskriftir. Hún er mælikvarði á framlegð fyrirtækja og segir til um hve miklu reksturinn skilar, óháð fjármögnun hans og skattaumhverfi

áhrifum almennra kjarabóta á vinnumarkaði, ágætu gengi útflutningsgreina og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Fasteignaskattar hækka um 32 millj. sem og framlög jöfnunarsjóðs um 125 millj. kr. þ.e. framlög, s.s. vegna fasteignaskatts, skólamála, og húsaleigubóta. Aðrar rekstrartekjur samstæðu, aukast um 64 millj. kr. frá fyrra ári.

Rekstarkostnaður, þ.e. laun, launatengd gjöld og annar rekstarkostnaður, nam alls 4.6 millja. kr. í samstæðu og þar af 3.9 millja. kr. í A hluta.

Laun og launatengd gjöld í samstæðu námu samtals 2.3 millja. kr. og hækka um 239 millj. kr. á milli ára, eða 9,3% að meðtöldum reiknuðum breytingum á lífeyrisskuldbindingum. Launakostnaður Fjarðabyggðar var 8 millj. kr. hærri en áætlun ársins með viðaukum gerði ráð fyrir.

Áætlun ársins gerði ráð fyrir 6% launabreytingu milli árána 2014 og 2015. Að frádreginni breytingu lífeyrisskuldbindinga þá hækkuðu launaútgjöld Fjarðabyggðar og stofnana um 12,8% á milli árána 2014 og 2015. Ef miðað er við upphaflega fjárhagsáætlun ársins 2015 þá jókst hreinn launakostnaður um 154 millj. kr.

Lífeyrisskuldbinding Fjarðabyggðar og stofnana hækkaði um 157 millj. kr. á milli árána 2014 og 2015 og varð hækkinin í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Í árslok 2015 starfaði 429 starfsmaður hjá sveitarfélaginu í 336 stöðugildum, samanborið við 454 starfsmenn í 333 stöðugildum í ársbyrjun.

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 7 millj. kr. í samstæðu og 32 millj.kr. frá fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Hrein fjármagnsgjöld námu 249 millj. kr. hjá samstæðu samanborið við 321 millj. kr. á árinu 2014. Hjá A hluta eru hrein fjármagnsgjöld 211 millj. kr. samanborið við 236 millj. kr. á árinu 2014.

Heildarvaxtakostnaður og verðbætur voru 369 millj. kr og greidd vaxtagjöld námu 272 millj. kr í samstæðu. Gengishagnaður ársins nam 39 millj. kr.

Eignir sveitarfélagsins eru 12.3 millja. kr. í lok árs 2015 en voru 11.5 millja. kr. í ársbyrjun. Fastafjármunir samstæðu voru 10.4 millja. kr. í árslok 2015 og veltufjármunir samtals 1.3 millja. kr.

Handbært fé er 590 millj. kr. í lok árs hjá samstæðunni en var 534 millj. kr. í ársbyrjun. Eignarhlutar í félögum námu 548 millj. kr. í árslok 2015. Þar af vegur þyngst 265 millj. kr. eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga og 140 millj. kr. hlutur í Sparisjóði Austurlands.

Eigið fé í samstæðu er jákvætt um 3.2 millja. kr. og jákvætt í A hluta um 185 millj. kr. Til samanburðar var eigið fé samstæðu 2.2 millja. kr. í ársbyrjun og neikvætt í A hluta um 269 millj. kr.

Lífeyrisskuldbinding samstæðu var um 2 millja. kr. í árslok og langtímaskuldir 5.2 millja. kr. Af langtímaskuldum eru 200 millj. kr. leiguskuld og 5 millja. kr. langtímaskuldir við lánastofnanir. Á árinu lækkuðu skuldir og skuldbindingar að meðtöldum næsta árs afborgunum um 230 millj. kr eða 2,5%. Raunlækkun vaxtaberandi langtímalána nam um 562 millj. kr. Afborganir lána og greidd fjármagnsgjöld námu samanlagt um 740 millj. kr.

Skammtímaskuldir hjá samstæðu eru samtals 1.9 millja. kr. Þar af eru 1.2 millja. kr. næsta árs afborgun langtímaskulda og 34 millj. kr. reiknuð afborgun leiguskulda.

Skuldahlutfall samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið er 156 % í samstæðu en var 170 % í lok árs 2014.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið var 141 % í lok árs, en var 157 % í lok árs 2014. Áætlað var að skuldaviðmiðið yrði 148 % í árslok. Skuldir í hlutfalli við tekjur eru að lækka hraðar en ráð var fyrir gert, en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að 150 % skuldaviðmiði yrði náð árið 2018.

Hér er því mikilvægum áfanga náð með því að Fjarðabyggð uppfyllir nú þetta skilyrði laga um fjármálastjórnun sveitarfélaga. Áfram eru skuldir Fjarðabyggðar miklar og verður því gætt aðhalds í rekstri til að greiða niður skuldir Fjarðabyggðar.

Veltufé frá rekstri nemur 1.2 millja. kr. hjá samstæðu. Mikilvægt er að þessi stærð sé jákvæð um það sem nemur a.m.k. afborgunum lána og fjárfestinga. Mikið veltufé frá rekstri, sýnir best þann góða fjárhagslega styrk sem sveitarfélagið býr yfir til að takast á við skuldbindingar. Fjárfestingahreyfingar námu 653 millj. kr. hjá samstæðu og fjármögnunarhreyfingar 472 millj. kr. Hækkun varð því á handbæru fé um 57 millj. kr.

Í A hluta nam veltufé frá rekstri 409 millj. kr. samanborið við 440 millj. kr. á árinu 2014. Afborganir lána námu 402 millj. kr. í A hluta. Tekin voru ný lán að upphæð 770 millj. kr. í A hluta til að endurfjármagna rekstrarleigusamning um Fjarðabyggðarhöllina. Afborganir leiguskuldbindinga námu 737 millj. kr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 358 millj. kr. í A hluta og 673 millj. kr. í samstæðu.

Helstu fjárfestingar á árinu voru vegna hafnarmannvirkja, vatnsveitu, snjóflóða- og ofanflóðavarna, gatnaframkvæmda og nýs leikskóla í Neskaupstað.

Í ársreikningi Fjarðabyggðar 2015 kemur vel fram styrkur sveitarfélagsins þegar horft er til heildarinnar. Bendir ekkert til annars en að tekjugrunnur sveitarfélagsins haldi áfram að styrkjast.

Langþráðu takmarki er náð með að skuldaviðmið Fjarðabyggðar er undir 150% hámarkinu.

Þó er skuldsetning sveitarfélagsins engu að síður of mikil og vinna þarf áfram að rekstrarlegri hagræðingu, þótt góðum árangri hafi verið náð með lækkuð skuldahlutfalli niður fyrir viðmið.

Ná þarf jafnvægi í rekstri til skemmri og lengri tíma.

Sterkur tekjugrunnur, sem byggður er meðal annars á sterkum atvinnugreinum í sjávarútvegi, áliðnaði og þjónustugreinum, gefur á hinn bóginn fyrirheit um kraftmikið samfélag til framtíðar litið.

Ég vil færa fjármálastjóra vorum Snorra Styrkárssyni og starfsmönnum sem komu að gerð ársreiknings þakkir fyrir skilvirka og góða vinnu við gerð ársreikningsins sem og endurskoðendum KPMG sem að ársreikningsgerðinni unnu.

Gunnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra Fjarðabyggðar